



# Kynning á niðurstöðum 3. ársfjórðungs 2024/25

Rekstur gengur vel og starfsemi útvíkkuð til Færeyja

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

17. janúar 2025



# Yfirlit

## Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



## Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

3F 2024/25 (breyting frá 3F 2023/24)

**43,7** ma. kr.

vörusala

▼ 0,1%

**3,7** ma. kr.

EBITDA

▲ 13,1%

**1,4** ma. kr.

Hagnaður

▲ 24,6%

**22,6%**

framlegðarhlutfall

▲ 1,9%stig

**15,1%**

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 1,4%stig


**35,4%**

eiginfjárhlutfall

▲ 0,1%stig


# Ytri áhrifapættir: Verðbólga lækkar áfram og olíuverð nokkuð stöðugt

Vísitala neysluverðs, Ársbreyting, %



- Verðbólga lækkaði nokkuð á tímabilinu og endaði í 4.8% - verðbólga talsvert lægri en á sama tíma í fyrra þegar hún var í kringum 8%

Gengi gjaldmiðla, ISK



- Gengi ISK styrktist lítillega gagnvart helstu gjaldmiðlum – USD á svipuðum slóðum og í fyrra en EUR heldur veikari undir lok tímabils

Verðþróun á ULSD (Diesel), USD / mt



- Heimsmarkaðsverð á olíu fremur stöðugt á tímabilinu miðað við fyrra ár þegar verðið lækkaði nokkuð – meðalverðið talsvert lægra en á fyrra ári

# Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Almennt gekk rekstur á 3F vel** þar sem **tekjur voru á pari við fyrra ár** og **afkoma í samræmi við áætlanir**
- **Heimsóknum í dagvöruverslanir fjölgar** á fjórðungnum en **seldum stykkjum fækkar lítillega** – **Hagkaup hefur heldur verið undir fyrra ári** en er að **koma sterkt til baka** á seinni hluta árs
- **Seldum eldsneytislítrum fækkar lítillega** vegna samdráttar hjá stórnotendum – **seldum eldsneytislítrum í smásölu fjölgar á fjórðungnum**
- **Framlegð í krónum talið jókst nokkuð á milli ára**, og **framlegðarhlutfallið hækkaði** sömuleiðis – **afkoma styrkist** frá fyrra ári
- **Erlend netverslun Hagar Wine B.V. með áfengi opnaði** í september og hefur hlotið góðar viðtökur – **Hagkaup sinnir samningsbundnu þjónustuhlutverki fyrir HW**
- **Rétt eftir lok ársfjórðungs** var tilkynnt um að **óskuldbindandi tilboð hafi borist** í **Olíudreifingu** og ákveðið að **þjóða þremur aðilum áfram** í söluferlinu
- **Í lok 3F gengu Hagar frá samningi um kaup á öllu hlutafé P/F SMS í Færeyjum** - SMS er leiðandi verslunarfélag með umfangsmikla starfsemi, m.a. rekstur fjölda dagvöruverslana




# Verðslanir og vöruhús: Rekstur á 3F svipaður og á fyrra ári

Rekstrarreikningur 3F 2024/25 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum jukust um rúm 4% á milli ára og námu rúmum 31,5 ma. kr.
- EBITDA eykst lítilega á milli ára og var um 2,5 ma. kr., eða 7,8% af tekjum – eykst um tæp 4% frá fyrra ári
- Heimsóknnum í dagvöruverslanir fjölga áfram eða um 1,3% - aukning í Bónus og samdráttur í Hagkaup, en Hagkaup að sækja í sig veðrið undir lok árs og nálgast fyrra ár
- Seldum stykkjum fækka lítillega eða um 1,6% - samsetning vörukaupa og stærri hagkvæmari einingar m.a. að hafa áhrif á seld stykki
- Ágætis tekjuvöxtur var hjá Aðföngum og Banönum – aukið hlutfall vörusölu til eigin verslana
- Eldum rétt gengur vel sem fyrr, og afkoma styrkist á milli ára – vélvæðing í framleiðslu gengur vel
- Stórkaup í uppbyggingarfasa samkvæmt áætlun – rekstur Zara gekk vel á fjórðungnum

	3F '24/25	3F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	31.544	30.271	1.273	+4,2%
Rekstrargjöld	-29.074	-27.890	-1.184	+4,2%
<b>EBITDA</b>	<b>2.470</b>	<b>2.381</b>	<b>89</b>	<b>+3,7%</b>
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>7,8%</i>	<i>7,9%</i>	<i>-0,0%</i>	<i>-0,4%</i>
<b>Afkoma starfspáttar*</b>	<b>1.497</b>	<b>1.434</b>	<b>63</b>	<b>+4,4%</b>
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>4,7%</i>	<i>4,7%</i>	<i>+0,0%</i>	<i>+0,2%</i>

\*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hlutdeildarfélaganna



## **Bónus: Viðskiptavinir hafa aldrei verið fleiri**

- **Vörusala á 3F nam 22,0 ma. kr. og jókst um 5,1% frá fyrra ári – afkoma heldur áfram að styrkjast**
- **Áframhaldandi aukin umsvif** þar sem **viðskiptavinum fjölga nokkuð og hafa aldrei verið fleiri** – lítilsháttar fækkun stykkja sem rata í hverja körfu
- **Stór áhersla á rekstrarárinu að aðstoða viðskiptavinum að versla ódýrt, t.d. með aðstoð við að finna ódýra kosti, fjölgun tilboða eða með stærri hagkvæmari einingum** – hefur áhrif á veltu og seld stykki eins og það er skilgreint en **gott fyrir viðskiptavinum og Bónus til lengri tíma**
- **Notkun á Gripið & Greitt eykst áfram** og er nú í boði í **11 verslunum víðsvegar um landið** – áframhaldandi aukning í notkun á appi
- Sérstök áhersla á **umbætur í meðhöndlun og framsetningu ávaxta og grænmetis** skilar sér í meiri ferskleika, betra úrvali, gæðum og aukinni sölu
- **Bónus tilnefnt sem vörumerki ársins á einstaklingsmarkaði** í „Bestu íslensku vörumerkin 2024“ sem Brandr stendur fyrir
- Skemmtilegt samstarf með **YES snjóbrettaframleiðandanum og snjóbrettasníllingunum Eika og Halldóri Helgasonum** – „*Snjóbrettið undirstrikar bæði litríkt og fjörugt vörumerki Bónus með gamla grísnum ásamt fagurfræði og leikgleði YES*“



## Hagkaup: Netverslun Hagkaups vex hratt

- **Vörusala á 3F nam 6,2 ma. kr.** og jókst lítillega frá fyrra ári – **afkoma dregst lítillega saman á milli ára**
- **Aðsókn enn sterk í sögulegu samhengi, en seldum stykkjum fækkar þó lítillega frá fyrra ári** – breytt samsetning vörukaupa skýra hluta af ástæðunni
- **Jákvæð þróun í seldum stykkjum og heimsóknum** – meiri munur á fyrri hluta árs en seinni og **aðsókn og sala nú orðin svipuð og á fyrra ári** sem var sterkt í sögulegu samhengi
- **Netverslun hefur vaxið mikið á milli ára** og er sá hluti starfseminnar sem er að vaxa hraðast - **tilboðsdagar allt að 80% stærri en í fyrra**
- **Áfram mikil áhersla á rekstartengd mál til að bæta afkomu**, en einnig mikil og góð vinna í kringum **bætt vöru- og þjónustuframboð sem dregur að viðskiptavini**
- **Lavazza opnaði í Hagkaup í Smáralind, og Skálin opnaði aðra staðsetningu í Garðabæ** – Hagkaup hóf að **afhenda vegabréf og nafnskírteini í Skeifunni**
- **Tilboðsdagar og viðburðir vel sóttir**, t.d. „Tax Free“, „Heilsudagar“ og „Ítalskir dagar“
- **Build-A-Bear opnar í fyrsta sinn á Íslandi í Hagkaup Smáralind í febrúar**





# Olís: Sterkur rekstur á 3F og afkoma styrkist mikið á milli ára

Rekstrarreikningur 3F 2024/25 (m.kr.)

- **Tekjur á 3F námu 12,7 ma. kr.** og drógust saman um 8,2% á milli ára – **heimsmarkaðsverð olíu umtalsvert lægra í ár** en á samanburðarári
- **EBITDA nam 1.183 m.kr. (9,3%)** og jókst um 39% frá fyrra ári þegar EBITDA var 849 m.kr. (6,1%) – söluhagnaður vegna fasteignar um 167 m.kr.
- **Seldum lítrum fækkaði um 2,6%** á fjórðungnum vegna **samdráttar í sölu til stórnotenda** – **nokkur aukning á smásöluviði á fjórðungnum**
- **Þurrvörusala áfram sterk** þar sem **Grill 66** og **Lemon Mini ganga vel**, sem og **samstarf við Wolt**
- **Rekstur almennt sterkur - vel hefur tekist til að hagræða í kostnaði**, m.a. á stöðvum, á sama tíma og **þjónustuframboð hefur verið aukið**
- **Opnun á fyrstu Glans bílapvottastöðinni aðeins tafist**, en stefnt að **opnun við Langatanga í Mosfellsbæ á næstunni** – **framkvæmdir á Selfossi einnig hafnar** og stefnt að opnun í vor

	3F '24/25	3F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	12.707	13.839	-1.132	-8,2%
Rekstrargjöld	-11.524	-12.990	1.466	-11,3%
<b>EBITDA</b>	<b>1.183</b>	<b>849</b>	<b>334</b>	<b>+39,3%</b>
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>9,3%</i>	<i>6,1%</i>	<i>+3,2%</i>	<i>+51,8%</i>
<b>Afkoma starfspáttar*</b>	<b>913</b>	<b>571</b>	<b>342</b>	<b>+59,9%</b>
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>7,2%</i>	<i>4,1%</i>	<i>+3,1%</i>	<i>+74,1%</i>

\*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hluteldarfélaganna

Félög í starfspætti



# Færeyjar: Hagar gengu frá kaupum á P/F SMS í Færeyjum undir lok 3F

- Þann 27. nóvember var endanlegur kaupsamningur undirritaður, en öll skilyrði vegna kaupanna höfðu þá verið uppfyllt, svo sem áreiðanleikakannanir og samþykki eftirlitsaðila í Færeyjum
- Markmið kaupanna er m.a. að renna frekari stoðum undir og styrkja rekstur Haga á sviði dagvöruverslunar og auka skilvirkni rekstrar og vöruúrval SMS í Færeyjum
- Kaupverð (e. enterprise value) í viðskiptunum nam tæplega 467 mDKK (~9,1 ma. kr.) og virði hlutafjár (e. equity value) tæplega 327 mDKK (~6.4 ma. kr.)
- Kaupverð byggði m.a. á rekstri og áætlunum fyrir árið 2024, en tekjur fyrir árið voru áætlaðar um 730 mDKK (~14.2 ma. kr.) og hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) um 63 mDKK (~1,2 ma. kr.) – kaupverðið byggði einnig á mati á u.þ.b. 11 þús. m2 fasteignasafni félagsins
- Vert er að benda á að áhrifa leigustaðals IFRS 16 gætir ekki í uppgefnum afkomutölum SMS – EBITDA afkoma félagsins verður vegna þess töluvert hærri í uppgjörum Haga



# **Færeyjar:** Kaupverðið var greitt með reiðufé og eigin hlutum í Högum

- **Kaupverð var greitt með reiðufé að upphæð um 267 mDKK (~5.2 ma. kr.) og afhendingu 13.867.495 eigin hluta í Högum að virði 60 mDKK (~1.2 ma. kr.) - meðalgengi á hlutum Haga í viðskiptunum var 85,23 kr., en verðið byggði að stærstu leyti á dagslokagengi Haga þann 18. október 2024**
- **Endanlegt uppgjör vegna kaupanna gæti hækkað lítillega tengt rekstrarafkomu SMS á næstu 2-3 árum, en forsenda þess er að rekstrarbati verði töluverður**
- **Hagar fjármögnuðu hluta kaupverðs með nýju 200 mDKK (~3.9 ma. kr.) láni en til viðbótar yfirtóku Hagar nettó skuldir SMS upp á u.þ.b. 140 mDKK (~2.7 ma. kr.)**
- **Uppgjörsdagur vegna kaupanna var mánudagurinn 2. desember 2024 og verður P/F SMS því hluti af samstæðuuppgjöri Haga á síðasta fjórðungi rekstrarársins 2024/25**



# Færeyjar: SMS er ný stoð í rekstri Haga en fellur innan kjarnastarfsemi

- **Kaup Haga á SMS eru í samræmi við markmið Haga og stefnu** sem kynnt var fyrr á árinu um að **horfa til nýrra tækifæra til að efla starfsemi félagsins enn frekar**, bæði tengt kjarnastarfsemi og nýjum tekjustráumum eða stoðum í rekstri
- **Með kaupunum á SMS munu Hagar auka umsvif í dagvöruverslun** en um leið myndast tækifæri til að **efla þjónustu beggja félaga og ná fram auknu hagræði í rekstri** - þar er m.a. horft til tækifæra í vöruframboði dagvöruverslana, kostnaðarsamlegð, hagræðingu og fjármögnun
- **Hagar og SMS þekkja vel til hvers annars og eiga félögin sameiginlegar rætur í rekstri Bónus verslana** í báðum löndum, en fram til ársins 2010 áttu Hagar hlut í SMS
- **Stefnumótandi áherslur félaganna eru svipaðar þar sem sérstök áhersla er lögð á að bjóða viðskiptavinum ávallt upp á hagkvæma matvörukosti**, en um leið að standa fyrir stöðugri framþróun í verslun til að tryggja góða upplifun viðskiptavina



# Færeyjar: Meginstarfsemi SMS samstæðunnar

## Dagvöruverslanir

- Átta **Bónus** lágvöruverðsverslanir víða í Færeyjum
- Stórverslunin **Miklagarður** í Þórshöfn, en verslunin selur bæði matvöru og sérvöru, t.d. leikföng - Miklagarður rekur einnig kjötvinnslu fyrir samstæðuna
- Fjórar smærri verslanir og bakarí undir nafninu **Mylnan**, en félagið rekur einnig brauð- og kökugerð fyrir samstæðuna



## Veitingastaðir

- Fjórir veitingastaðir í SMS verslunarmiðstöðinni í Þórshöfn, þ.e.a.s. **Burger King**, **Sunset Boulevard**, **Sushi Daily** og **Hornið**
- Tveir steikarstaðir undir nafninu **Angus Steakhouse** í Þórshöfn og Klaksvík



## Aðrar verslanir og þjónusta<sup>1</sup>

- Þrjár smávöruverslanir undir nöfnunum **Rumbul** og **Sheep**, en verslanirnar selja ýmsa dagvöru á hagstæðu verði
- Þrjár líkamsræktarstöðvar í Þórshöfn undir nafninu **Burn**
- Ís- og eftirréttagerðin **Omaná** sem framleiðir fyrir samstæðuna, en rekur einnig einn útsöluastað
- Skóbúð undir nafninu **Demmus**



## Fasteignir

- Fjölbreytt **fasteignasafn sem telur ~11,000 m<sup>2</sup>** - er að miklu leyti nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila
- **Rekstur á verslunarmiðstöðinni SMS** í Þórshöfn, en verslunarmiðstöðin er sú eina sinnar stærðar í Færeyjum – félagið rekur nokkrar verslanir en leigir megnið áfram til annarra rekstraraðila




Rúmlega **700 manns** starfa hjá SMS og dótturfélögum í tæplega **290 stöðugildum**

<sup>1</sup> Rumbul og Sheep eru í 60% eigu félagsins, á meðan Burn, Omaná og Demmus eru hlutdeildarfélag og eru í 50% eigu félagsins

# Færeyjar: Færeyjar stækka markað Haga umtalsvert

- Færeyski markaðurinn **stækkar markaðssvæði Haga umtalsvert**
- **Mannfjöldi í Færeyjum er um 55 þúsund**, en til samanburðar eru **u.þ.b. 385 þúsund manns sem búa á Íslandi** – markaðssvæði Haga **stækkar því um yfir 14%**
- **Til að setja það í íslenskt samhengi** er það svipað og að bæta við markaðinn öðru **Reykjanesi, Garðabæ og Mosfellsbæ**



**~385 þúsund**

Mannfjöldi á Íslandi



**~55 þúsund**

Mannfjöldi í Færeyjum

*...samanlagt stækkar markaðssvæði Haga því um yfir **14%***



# **Fasteignir:** Umfangsmikið fasteignasafn og heilmikil þróunarstarfsemi

- **Fasteignasafnið sem Hagar eignuðust** með kaupunum á SMS er **sterk viðbót við núverandi safn félagsins**, en heildar **fasteignasafn Haga er komið vel yfir 60 þús. m<sup>2</sup>**
  - **Ísland (yfir 50. þúsund fermetrar):** Fjöldi fasteigna þar sem meirihlutinn er á höfuðborgarsvæðinu, en einnig á landsbyggðinni – mikið notað undir eigin starfsemi en einnig leigt til þriðja aðila, eins og Fiskislóð 1 og Skeifan 11
  - **Færeyjar (um 11 þúsund fermetrar):** Níu fasteignir þar sem megnið af fermetrunum er í Þórshöfn – mikið notað undir eigin starfsemi, en einnig leigt til þriðja aðila, eins og verslunarkjarninn Miðlón sem er í eigu félagsins
- **Umfangið tekur ekki á öðrum tengdum eignum**, svo sem óbyggðum lóðum sem Hagar eiga, plönnum og skyggni á eldsneytisstöðvum, og öðru slíku
- **Hagar einnig með mikil umsvif í fasteignapróun** í gegnum **þriðjungshlut sinn í fasteignapróunarfélaginu Klasa**, en Klasi er með um **300 þús. m<sup>2</sup>** í þróun
- **Klasi er hlutdeildarfélag** hjá Högum, en varðandi aðrar ofangreindar eignir hafa **Hagar ekki fært matsbreytingar**, en **hafa afskrifað þær eftir viðmiðunarreglum félagsins**

**+60 þús.  
fermetrar**

*af fasteignum í eigu Haga  
samstæðunnar*

**+300 þús.  
fermetrar**

*í þróun hjá  
fasteignapróunarfélaginu Klasa*



# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

**Fjárhagsuppgjör**

Staða og horfur



# Rekstur gekk vel á fjórðungnum og afkoma styrkist

Rekstrarreikningur 3F 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala á 3F** nam 43,7 ma. kr. og **stóð nánast í stað** milli ára
- **Framlegð í krónum** talið nam 9,9 ma. kr. og **jókst um 9,1%** milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 22,6%** og hækkaði um 1,9%-stig milli ára - **hækkun bæði í dagvöru- og eldsneytishluta** samstæðunnar
- **Laun hækkuðu** um 8,5% á 3F og **annar rekstrarkostnaður hækkaði** um 13,4%
- **EBITDA** nam 3,7 ma. kr. og **hækkaði um 13,1%** milli ára – EBITDA hækkar hjá báðum starfspáttum samstæðunnar
- **Hagnaður** nam 1,4 ma. kr. og **hækkaði um 24,6%** frá fyrra ári

	3F '24/25	3F '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	43.659	43.683	-24	-0,1%
<b>Framlegð</b>	<b>9.885</b>	<b>9.062</b>	<b>823</b>	<b>+9,1%</b>
Aðrar rekstrartekjur	341	139	202	+145,3%
Laun og launatengd gjöld	-4.444	-4.094	-350	+8,5%
Annar rekstrarkostnaður	-2.129	-1.877	-252	+13,4%
<b>EBITDA</b>	<b>3.653</b>	<b>3.230</b>	<b>423</b>	<b>+13,1%</b>
Afskriftir	-1.283	-1.285	2	-0,2%
Hrein fjármagnsgjöld	-658	-625	-33	+5,3%
<b>Hagnaður</b>	<b>1.391</b>	<b>1.116</b>	<b>275</b>	<b>+24,6%</b>

# Afkoma styrkist og rekstur í samræmi við áætlanir

Rekstrarreikningur 9M 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala 9M** nam 134,3 ma. kr. og **jókst um 2,9%** milli ára eða um 3,8 ma. kr.
- **Söluaukning verslana og vöruhúsa** nam 5,5% en **samdráttur var í sölu hjá Olís** um 3,0% milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 22,0% og hækkaði** um 1,3%-stig - hækkun **bæði í dagvöru- og eldsneytishluta**
- **Laun hækkuðu** um 9,8% milli ára og **annar rekstrarkostnaður** um 14,7%
- **EBITDA** nam 10,9 ma. kr. og **jókst um 6,4%** milli ára – **EBITDA verslana og vöruhúsa jókst** um 7,3% og **EBITDA Olís jókst** um 4,2% milli ára
- **Hagnaður** nam 4,0 ma. kr. og **hækkar** um 2,9% frá fyrra ári

	9M '24/25	9M '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	134.305	130.482	3.823	+2,9%
<b>Framlegð</b>	<b>29.596</b>	<b>27.037</b>	<b>2.559</b>	<b>+9,5%</b>
Aðrar rekstrartekjur	604	543	61	+11,2%
Laun og launatengd gjöld	-13.069	-11.907	-1.162	+9,8%
Annar rekstrarkostnaður	-6.250	-5.450	-800	+14,7%
<b>EBITDA</b>	<b>10.881</b>	<b>10.223</b>	<b>658</b>	<b>+6,4%</b>
Afskriftir	-3.895	-3.767	-128	+3,4%
Hrein fjármagnsgjöld	-2.193	-1.890	-303	+16,0%
<b>Hagnaður</b>	<b>3.964</b>	<b>3.853</b>	<b>111</b>	<b>+2,9%</b>


# Framlegð styrkist og EBITDA-hlutfall batnar nokkuð

Lykilmælikvarðar rekstrar (9M 2020/21 – 9M 2024/25)


- **Góð veltuaukning undanfarin ár** - drifin áfram af auknum umsvifum í rekstri og áhrifum verðbólgu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** milli ára eftir að hafa verið lágt í sögulegu samhengi fram til ársins 2022/23
- **Launa- og kostnaðarhlutföll** hækka milli ára vegna kjarasamningshækkana og áhrifa verðbólgu - **launahlutfall** nú 9,7% og **hlutfall annars rekstrarkostnaðar** 4,7%
- **EBITDA hlutfall** 8,1% á tímabilinu í samanburði við 7,8% í fyrra
- **Hagnaðarhlutfall** 3,0% í lok nóvember – óbreytt frá fyrra ári

**Velta og framlegð**

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




**Rekstrar-kostnaður**

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




**Afkoma**

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



# Handbært fé frá rekstri hækkar á tímabilinu

Sjóðstreymisyfirlit 9M 2024/25 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam tæpum 8,3 ma. kr. á tímabilinu og hækkar um 1,2 ma. kr. frá samanburðarári
- **Fjárfestingarhreyfingar** námu 7,2 ma. kr. á tímabilinu en námu 4,0 ma. kr. í fyrra
- **Fjárfesting félagsins í SMS** að stórum hluta greidd á biðvörslu í lok fjórðungs, þó **áhrifa af rekstri og eignarhlutur komi ekki fram fyrr en á 4F**
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 1,4 ma. kr., samanborið við 4,0 ma. kr. á fyrra ári – ekki hafa verið keypt eigin bréf á árinu, til samanburðar við 2,3 ma. kr. á síðasta ári
- **Handbært fé lækkaði** um tæpar 300 m.kr. á tímabilinu og nam 1,5 ma. kr. í lok nóvember

	9M 2024/25	9M 2023/24	Breyting
Hagnaður tímabilsins	3.964	3.853	111
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	6.793	6.257	536
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>10.757</b>	<b>10.110</b>	<b>647</b>
Rekstrartengdar eignir	-1.553	-1.779	226
Rekstrartengdar skuldir	1.910	1.107	803
Greiddir vextir og skattar	-2.862	-2.408	-454
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>8.252</b>	<b>7.030</b>	<b>1.222</b>
Fjárfestingarhreyfingar	-7.157	-4.007	-3.150
Fjármögnunarhreyfingar	-1.388	-4.009	2.621
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-293</b>	<b>-986</b>	<b>693</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>1.534</b>	<b>1.883</b>	<b>-349</b>

# Viðskiptakröfur hækka tímabundið vegna kaupa á SMS

Efnahagsreikningur 30. nóvember 2024 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 56,3 ma. kr. og stóðu nánast í stað frá árslokum 2024/25
- **Veltufjármunir hækkuðu** um 6,4 ma. kr. vegna áhrifa af kaupum á SMS – stór hluti kaupverðs greiddur á biðvörslu rétt fyrir lok 3F
- **Birgðir hækkuðu** frá síðustu árslokum og á milli ára - **veltuhraði birgða** nam 10,5 í samanburði við 10,0 í fyrra
- **Innheimtutími viðskiptakrafna** 12,3 dagar í samanburði við 11,9 daga í fyrra
- **Eigið fé** nam 29,7 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 22,1 m.kr. í lok 3F eða 2,0% hlutafjár
- **Vaxtaberandi skuldir hækka** vegna fjármögnunar á viðskiptum með SMS

	30.11. 2024	29.2. 2024	%Δ		30.11. 2024	29.2. 2024	%Δ
Rekstrarfjármunir	22.213	22.410	-1%	Vaxtaberandi	13.756	11.286	+22%
Óefnislegar eignir	13.074	12.835	+2%	Leiguskuldir	10.036	9.660	+4%
Aðrir fastafjármunir	21.036	20.840	+1%	Tekjuskattur	3.214	2.193	+47%
<b>Fastafjármunir</b>	<b>56.323</b>	<b>56.085</b>	<b>+0%</b>	<b>Langtímaskuldir</b>	<b>27.006</b>	<b>23.139</b>	<b>+17%</b>
Vörubirgðir	13.562	13.068	+4%	Vaxtaberandi	6.027	5.818	+4%
Viðskiptakröfur	12.471	6.234	+100%	Leiguskuldir	2.631	2.579	+2%
Handbært fé	1.534	1.827	-16%	Viðskiptaskuldir	18.557	17.490	+6%
<b>Veltufjármunir</b>	<b>27.567</b>	<b>21.129</b>	<b>+30%</b>	<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>27.215</b>	<b>25.887</b>	<b>+5%</b>
<b>Samtals eignir</b>	<b>83.890</b>	<b>77.214</b>	<b>+9%</b>	<b>Samtals skuldir</b>	<b>54.221</b>	<b>49.026</b>	<b>+11%</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>83.890</b>	<b>77.214</b>	<b>+9%</b>	<b>Eigið fé</b>	<b>29.669</b>	<b>28.188</b>	<b>+5%</b>

# Arðsemi eigin fjár hækkar nokkuð milli tímabila

Lykilmælikvarðar efnahags (9M 2020/21 – 9M 2024/25)


- **Arðsemi eigin fjár 19,1%** síðastliðna 12 mánuði og hækkar nokkuð á samanburðartímabili
- **Eiginfjárhlutfall** í lok 3F nam 35,4% - **markmið stjórnar** um 35,0% hlutfall
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 3F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 30,9 ma. kr. eða 2,3 x EBITDA sl. 12 mánaða – **skuldir aukast vegna kaupa á öllu hlutafé í SMS**
- **Veltufjárhlutfall** í lok 3F var 1,01
- **Veltuhraði í rekstri** var 13,5 dagar samanborið við 16,3 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 2,2 í lok nóvember í samanburði við 2,3 á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa


Áhætta í rekstri

Skilvirkni eigna


Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Skuldahlutfall<sup>1</sup>




Veltufjárhlutfall<sup>2</sup>



Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)<sup>3</sup>



Veltuhraði eigna<sup>4</sup>



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir  
 3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör


**Staða og horfur**





# Gengi og stærstu hluthafar

## Gengi




## Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 30.11.2024

1. Gildi - lífeyrissjóður	17,6%	6. Birta lífeyrissjóður	7,2%
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,4%	7. Festa - lífeyrissjóður	4,5%
3. Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,6%	8. Stapi lífeyrissjóður	4,0%
4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	9,6%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,8%
5. Kaldbakur ehf.	7,8%	10. Brú R deild	2,2%

# Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)


- **Hagnaður á hlut eykst áfram** og er nú **4,75 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði eða **14% hærri en á sama tíma fyrir ári**, og **136% hærri en þegar nýjar áherslur voru unnar og settar af stað árið 2021**
- **Bætt afkoma** síðustu misseri byggir sem fyrr á almennri **hagræðingu, stefnumarkandi ákvörðunum** sem reynst hafa vel, **nýjum einingum** og **auknum umsvifum**
- **Áframhaldandi fókus á verkefni** sem hafa **áhrif á rekstur til skemmri tíma**, en einnig á stærri verkefni og **mögulegar nýjar tekjustoðir** umfram kjarnastarfsemi





\* Áhrif vegna viðskipta með Klasa

# Staða og horfur

- Staða Haga og **horfur í rekstri** eru **góðar**
  - **Ögrandi rekstrarumhverfi** en **jákvæð þróun á síðasta ári** – langir kjarasamningar og mun lægri verðbólga
  - **Rekstur helstu eininga gengur vel** - skilvirkni rekstrar hefur aukist og þjónustuframboð hefur verið bætt
  - **Nýjar einingar Haga hafa fest sig í sessi** og haft jákvæð áhrif á afkomu
  - **Sambætting starfsemi SMS við Haga** mun fela í sér ný **tækifæri til að bæta rekstur** bæði SMS og Haga
  - **Trygg fjármögnun og sterk fjárhagsleg staða** - fjármagnskostnaður ætti að lækka hlutfallslega á árinu
  - Hagar eru í góðri stöðu til að **nýta tækifæri til að skapa nýja tekjustrauma** og **takast á við breyttar aðstæður** í íslensku efnahagslífi
- **Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 er óbreytt** og gerir ráð fyrir að **EBITDA** verði á bilinu **14.000-14.500 millj. kr.**





# Starfsemi Haga á Íslandi

## **BÓNUS**

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

## **A** **Ð** **F** **Ö** **N** **G**

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

## **HAGKAUP**

Hagkaup er leiðandi smásöluvirkir tæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

## **Bananar**

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.

## **olís**

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.

## **STÓRKAUP**

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

## **ELDUM** **RÉTT**

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

## **ZARA**

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Haga reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.




HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



**LEMON**

VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



FERSKAR KJÖTVÖRUR



HIMNESKT



ISLANDS LAMB

# Fyrirvari

---

*Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.*

*Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.*

*Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*

---

**hagar**

The logo for 'hagar' features the word in a bold, lowercase, sans-serif font. It is enclosed within a stylized, horizontal oval shape composed of two thick, curved lines. The top line is grey and the bottom line is orange, with a small gap between them at the ends. A solid orange horizontal line runs across the bottom of the page, partially overlapping the bottom of the logo's orange line.